

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Hrísateigur 6 og Hraunteigur 4 og 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðanna Hrísateigs 6 og Hraunteigs 4 og 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bitruháls 2 – Bæjarháls 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð, þann 3. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi vegna Hálsahverfis, vegna lóðanna að Bitruhálsi 2 og Bæjahálsi 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skeifan 5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð, þann 26. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna-Fen, vegna lóðarinnar Skeifunnar 5.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 13. júlí 2005.

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um vatnsléttingu kindakjöts vegna innvigtunar í sláturhúsum.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum markaðsráðs kindakjöts, ákveðið að vatnslétting kindakjöts vegna innvigtunar í sláturhúsum verði 2,2% frá 15. júlí 2005.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingar sláturafurða.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júlí 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Stefánsdóttir.